

Í leit að glötuðum syni

BÆKUR

Skáldsaga

HINN TÝNDI

Eftir Hans-Ulrich Treichel. Titill á frummáli: Der Verlorene. Árni Óskarsson þýddi. Robert Guillemette hannaði fallega kápu. 112 bls. Mál og menning, Syrtla, 2001.

Syrtlubækur Máls og menningar hafa komið út um nokkurt skeið. Þetta eru heimsbókmenntir í vasabroti, vandaðar bækur í hvívetna þar sem viðurkenndir höfundar og vandvirkir þýðendur leiða saman hesta sína. Hönnun bókarkápunnar er jafnan einstaklega smekkleg og myndefnið ávallt táknrænt. Á bókarkápu nýjustu Syrtlunnar, Hinn týndi, eftir þýska rithöfundinn Hans-Ulrich Treichel, má sjá lítið, grátt egg í tómlegu og þyrnóttu hreiðri og við hliðina er egglega form sem birtu stafar af. Myndin er táknræn fyrir líðan söguhetju bókarinnar, feitlagins drengs á gelgjuskeiði sem lifir í skugganum af Arnold, eldri bróður sínum, hinum týnda.

Í lok heimstyrjaldarinnar síðari flúðu foreldrar drengsins frá Austur-Þýskalandi til vesturs. Á flóttanum gerðust hræðilegir atburðir sem aldrei er talað um í fjölskyldunni en hvíla á öllum eins og mara. Sagan lýsir því hvernig sektarkennd yfir öllum sköpuðum hlutum heldur foreldrum drengsins í helgreipum og þrúgar sálarlíf hans alla ævi. Í stuttu máli er þetta geysilega vel skrifuð (þýdd) og úthugsuð saga. Hún er ekki löng en segir ótal margt um samskipti fólks og fjölskyldumynstur, beiskju og blygðun; refsingu, flóttu og hryggð; samfélag og kuldalegar stofnanir þess; um leið og sjá má „táknmyndir af sundraðri þjóð sem óttast svo fortíð sína að hún reynist ófær um að horfast í augu við hana og miðla reynslu sinni til nýrra kynslóða“ eins og segir í haganlegum káputexta.

Þegar drengurinn er orðinn nógu gamall trúa foreldrar hans honum fyrir því að bróðir hans sé ekki dáinn eins og hann hélt, heldur týndur. Drengnum hefur fram að því þótt vænt um dáinn bróður sinn og sætt sig við þunga sorg, þögn, óþolinmæði og afskiptaleysi foreldra sinna. Nú verður bróðirinn ógnun við tilveru hans, merkikerti sem hefur alltaf fengið alla athygli foreldranna og þrengir sér inn í líf hans (sbr. 97). Þráhyggjukennd leitin að Arnold er endalaus þrautaganga milli stofnana sem tengjast óskilabarni nr. 2307 og smásmugulegum, tímafrekum rannsóknum í nafni vísindanna á þeim möguleika að barnið sé Arnold. Fjölskyldumálin eru útkljáð og tilfinningarnar bældar; drengurinn lifir í stanslausum ótta við skapofsa föður síns og grátköst móðurinnar, hann verður að geta í eyður, reyna að skilja flókið hegðunarmynstur sem hann hefur ekki þroska til og dregur því undarlegar ályktanir. Sjálfsmynd hans verður smátt og smátt brogaðri, foreldrarnir einbeita sér sífellt að glataða syninum en gleyma þeim sem fyrir er; höfnunin er algjör.

Frásagnarhátturinn er fjarlægur og grimmur og undirstrikar dapurlegan fáránleikann í samskiptum fjölskyldunnar. Mikið er um endurtekningar í stílnumog kaldhæðnislegt grín gert að sálarflækjunum, stofnanamálinu og ekki síst einni mest áberandi og öflugustu vísindagrein nútímans, erfðavísindunum. Langar skýrslur eru t.d. gerðar um það hvort fingraför og nefbein óskilabarnsins bendi til „miðlungi ósennilegs“ (96) eða sennilegs skyldleika við fjölskylduna. Gerðar eru ótal mælingar, sýni tekin, fótatar rannsakað, lögun nasaholanna könnuð, halli eyrnasnepilsins miðað við eyrnaflötinn

skoðaður o.s.frv. Allar niðurstöður rannsóknaðna eru óljósar og misvísandi, á torskildu máli og skapa óvissu og ugg í huga drengsins.

Þýðandinn, Árni Óskarsson, hefur góð tök á öllu saman og gildir einu hvort um er að ræða sálarlíflýsingar drengsins eða skýrslur um harðar staðreyndir. Máttur og vald tungumálsins er m.a. viðfangsefni sögunnar; hugleiðingar drengsins um t.d. ljósmyndir, líkamann, dauðann og sektina og skilgreiningar hans á eigin tilfinningum eru frumlegar og tregablandnar. Hér er á ferð óvenju sterk saga, áleitin í einfaldleika sínum, óhugnanleg í nákvæmni sinni; með mögnuðum undirtóni mannlegs ófullkomleika og grimmdar; og endirinn kemur á óvart. Hinn týndi er afar eftirminnileg lesning.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
2001